

Efni: Athugasemdir BHM við frumvarp til laga um breytingar á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 115/2011, þingskjal 666, 434. mál

Fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um breytingar á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 115/2011, þingskjal 666, 434. mál. BHM mun senda ítarlega greinargerð þegar málið er komið í umsagnarferli þingnefndar. BHM telur hins vegar mikilvægt að gera strax formlegar athugasemdir við efni og innihald frumvarpsins eins og það liggur fyrir.

I. Athugasemdir BHM við tillögu um almenna heimild ráðherra til að ákveða aðsetur stofnana sem undir hann heyra.

1. Núgildandi lög um Stjórnarráð Íslands voru samin af helstu sérfræðingum á sviði stjórnskipunar- og stjórnsýsluréttar.

Í núgildandi lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 115/2011, er ekki mælt fyrir um almenna heimild ráðherra til að kveða á um aðsetur þeirra stofnana sem tilheyra starfsemi framkvæmdarvaldsins. Í eldri lögum um Stjórnarráð Íslands var kveðið á um heimild ráðherra til að ákveða aðsetur stofnana sem undir hann heyra en þeirri heimild var bætt inn í eftir niðurstöðu Hæstaréttar í svokölluðum Landmælingadómi frá árinu 1998 (sjá nánari umfjöllun síðar).

BHM telur ekki rétt að endurvekja umrædda heimild. Það hafi ekki verið tilviljun að almenna heimildin féll brott en frumvarpið, skv. núgildandi lögum, var samið í forsætisráðuneytinu í samráði við sérfræðinga á sviði stjórnskipunar- og stjórnsýsluréttar m.a út frá skýrslunni *Samhent stjórnsýsla* sem gefin var út í desember 2010.

Segir m.a í frumvarpi til núgildandi laga nr. 115/2011: „Við vinnslu frumvarpsins var þess gætt í hvívetna að ákvæði þess væru í samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar og óskráðar stjórnskipunarreglur.“

**2. Vald til að ákveða staðsetningu og flutning ríkisstofnunar á að vera hjá Alþingi-
Það kemur í veg fyrir geðþóttaákvæðanir ráðherra.**

Með dómi Hæstaréttar frá 18. desember 1998 í málinu nr. 312/1998 var ákvörðun umhverfisráðherra um að flytja starfsemi Landmælinga Íslands til Akraness dæmd ólögmat. Hæstiréttur komst sem sagt að þeirri niðurstöðu að valdið til að ákveða staðsetningu stofnunar og flutning hennar sé hjá Alþingi. Hann kveður skýrt á um að reglan sé sú að valdið til að ákveða hvar setja skyldi niður ríkisstofnanir sé hjá Alþingi. Ef Alþingi ákveður að nýta sér ekki þetta vald skal stofnunin staðsett í Reykjavík. Ráðherrar hafa ekki vald til að ákveða einhliða staðsetningu ríkisstofnana eða flutning þeirra.

BHM telur rétt að vald til þess að ákveða staðsetningu og flutning ríkisstofnunar eigi að vera hjá Alþingi og skal sú ákvörðun tekin af Alþingi hverju sinni. Með því móti verður komist hjá því að ráðherrar taki geðþóttaákvæðanir um flutning ríkisstofnana. Slíkar ákvæðanir geti komið mjög hart niður á starfsmönnum og fjölskyldum þeirra. Það er því ekki í samræmi við lýðræðisleg vinnubrögð að fela ráðherrum einræðisvald til að ákveða hvar slíkar stofnanir skuli vera eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Breytingin sem felst í frumvarpinu eykur hættu á lausung og getur ýtt undir að við hver ríkisstjórnarskipti og/eða ráðherraskipti, yrðu gerðar breytingar á stofnunum, þær sameinaðar, lagðar niður eða fluttar til, með tilheyrandi kostnaðarauka, raski og óþægindum, sem beinlínis gætu stefnt starfsöryggi starfsmanna í hættu og vegið að réttindum þeirra að öðru leyti. Ákveðin festa er nauðsynleg í sambandi við stofnanir framkvæmdarvaldsins. Slík festa skiptir máli fyrir alla þá sem

hagsmuna eiga að gæta, hvort sem um er að ræða einstaklinga og hagsmunahópa sem samskipti eiga við ráðuneytin, starfsmenn þeirra eða opinberar stofnanir sem undir þau heyra.

Það er mat BHM að eðlilegt sé að ákvörðunarvaldið í þessum efnum sé áfram hjá Alþingi. Sá valdatilflutningur sem felst í frumvarpinu er í miklu ósamræmi við þau viðhorf sem uppi hafa verið í samfélaginu á síðustu árum um að efla beri löggjafarvaldið og Alþingi sem stofnun og draga að sama skapi úr áhrifum framkvæmdarvaldsins. Slík viðhorf birtast víða í skýrslum og gögnum sem gerð hafa verið og er vísað til hér að framan eins og t.d í skýrslum rannsóknarnefndar Alþingis og þingmannanefndarinnar og fer frumvarpið að þessu leyti þvert gegn sjónarmiðum sem þar koma fram.

II. Athugasemdir BHM við tillögu um útvíkkun heimildar til að flytja starfsmenn milli ráðuneyta og stofnana.

1. Auglýsing lausrar stöðu til umsóknar byggir á jafnræðissjónarmiðum og að hæfasti umsækjandinn sé valinn.

BHM bendir á að lögum samkvæmt sé meginreglan sú að stjórnvaldi sé skylt að auglýsa allar lausar stöður, með ákveðnum undatekningum þó.

Reglan um skyldu stjórnvalda til að auglýsa lausar stöður til umsóknar byggir annars vegar á jafnræðissjónarmiðum um að veita beri öllum þeim sem áhuga kynnu að hafa tækifæri til að sækja um opinbera stöðu. Með opinberri auglýsingu eru áhugasömum aðilum þannig almennt veittir jafnir möguleikar á að leggja inn umsókn, uppfylli þeir á annað borð þau almennu hæfisskilyrði sem gilda um stöðuna. Hins vegar býr að baki reglunni það sjónarmið að með slíku fyrirkomulagi er betur en ella stuðlað að því að ríkið eigi kost á sem flestum færum og hæfum umsækjendum þegar ráðið er í starf. Með frumvarpi þessu sé verið að draga verulega úr þeim sjónarmiðum sem eru að baki auglýsingaskyldu stjórnvalds.

2. Semja skal um starfskjör og önnur réttindi tengd vinnu

Í Stjórnarskrá Íslands er kveðið á um rétt manna til að semja um starfskjör sín og önnur réttindi tengd vinnu. Hér er því um að ræða einhliða valdboð hvernig starfskjörum og öðrum réttindum tengd vinnu skulu háttáð. BHM hefur ítrekað lýst því yfir að bandalagið sé reiðubúið til að setjast yfir heildarendurskoðun á réttindaumhverfi ríkisstarfsmanna, m.a réttindum og skyldum þeirra.

Þá kemur fram það skilyrði í lögum um réttindi og skyldur nr. 70/1996 að við endurskoðun þeirra skuli jafnan gefa BHM og öðrum heildarsamtökum opinberra starfsmanna kost á að fylgjast með og fjalla fyrir hönd félaga sinna um ágreiningsatriði þau sem upp kunna að koma, sbr. 52. gr. Skilyrði þessa ákvæðis hefur ekki verið uppfyllt að mati BHM.

Með vísan til alls ofangreinds leggst BHM alfarið gegn frumvarpi þessu, og ítrekar að sá valdatilflutningur sem felst í frumvarpinu sé í miklu ósamræmi við þau viðhorf sem uppi hafa verið í samfélaginu á síðustu árum um að efla beri löggjafarvaldið og Alþingi.

Virðingarfyllt,

Páll Halldórsson formaður BHM